

Stjórn CP félagsins leggur til eftirfarandi breytingar á lögum félagsins. Breytingarnar eru til þess gerðar að félagið geti starfað skv. lögum um almannaheillafélög. Sjá nánar um starfsemi almannaheilarfélaga [hér](#).

Núgildandi lög félagsins má finna í heilu lagi [hér](#).

Lög CP félagsins

1. grein er:

Félagið heitir CP félagið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

1.grein. verður:

Félagið heitir CP félagið og starfar á landsgrundvelli. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Að fenginni skráningu í almannaheillaskrá samkvæmt ákvæðum laga nr. 110/2021, um félög til almannaheilla, skal aftan við heiti félagsins aukið skammstöfuninni fta., sem stendur fyrir “félag til almannaheilla”.

2. grein er:

Markmið CP félagsins er að beita sér í hvívetna fyrir hagsmunum hreyfihamlaðra einstaklinga sem greinst hafa með Cerebral Palsy (CP). Félagið mun standa fyrir söfnun upplýsinga um CP og miðlun þeirra. Ennfremur mun félagið efla samstarf fagfólks og aðstandanda og stuðla að faglegri umræðu um málefni, úrræði og nýjungar sem tengjast CP.

2.grein. verður:

Tilgangur CP félagsins er að beita sér í hvívetna fyrir hagsmunum hreyfihamlaðra einstaklinga sem greinst hafa með Cerebral Palsy (CP).

Félagið mun standa fyrir söfnun upplýsinga um CP og miðlun þeirra. Ennfremur mun félagið vinna að því að efla félagsstarf einstaklinga með CP auk þess að stuðla að faglegri umræðu um málefni, úrræði og nýjungar sem tengjast CP.

Þá rekur CP félagið styrktarsjóð sem ber heitið Mannefli, minningar- og styrktarsjóður. Sjóðurinn er bundinn sjóður innan vébanda CP félagsins en um hann gilda sérstakar reglur og hefur hann sína eigin stjórn.

3. grein er:

Félagið er öllum opið. Inngöngubeiðni skal komið á framfæri við stjórn félagsins. Í henni skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja félaga.

3.grein. verður:

Félagið er ætlað einstaklingum með CP, fjölskyldum þeirra og fagfólki sem starfa að málefnum þeirra. Inngöngubeiðni skal komið á framfæri við stjórn félagsins. Í henni skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja félaga. Skráður greiðandi félagsgjalda skal vera fjárráða einstaklingur.

Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum eða öðrum skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.

Úrsögn úr félaginu skal á sama hátt tilkynna formlega til stjórnar félagsins. Þá telst sá félagi sem ekki stendur í skilum með félagsgjöld til félagsins, sjálfkrafa hættur í félaginu.

4. grein er:

Úrsögn úr félaginu skal á sama hátt tilkynna formlega til stjórnar félagsins. Þá telst sá félagi sem ekki stendur í skilum með félagsgjöld til félagsins, sjálfkrafa hættur í félaginu.

4. grein verður:

Upplýsingar um úrsögn eru felldar inn í 3. grein og í staðin kemur:

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn þess fer með framkvæmdavald á milli aðalfunda.

Atkvæðarétt á aðalfundi hafa skuldlausir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjöld eigi síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Eitt atkvæði fylgir hverju félagsgjaldi. Ekki má framselja atkvæðisrétt sinn eða fela öðrum umboð til að fara með hann.

5. grein er:

Árgjald til félagsins skal ákveðið á aðalfundi og endurskoðað ár hvert. Skal það innheimt með gíróseðli, eða á annan ótvíræðan hátt, eigi síðar en í september á viðkomandi tekjuári.

5. grein verður:

Upplýsingar um árgjald félagsmanna eru felldar inn í dagskrá aðalfundar og 8. grein sem fjallar um hlutverk stjórnar. Í staðin kemur:

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum CP félagsins. Stjórn skal boða til aðalfundar með sannanlegum hætti með minnst 14 daga fyrirvara.

Einnig skal auglýsa aðalfund á vefsíðu og samfélagsmiðlum félagsins. Skal aðalfundur haldinn í síðasta lagi 30. apríl ár hvert.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar félagsins fyrir liðið starfsár.
3. Afgreiðsla reikninga síðasta reikningsárs.
4. Breytingar á samþykktum félagsins, ef við á.
5. Afgreiðsla á tillögu um slit félagsins, ef við á.
6. Umræða um starfsemi félagsins.
7. Ákvörðun árgjalds félagsmanna fyrir næsta ár.
8. Kosning stjórnar CP félagsins.
9. Kosning skoðunarmanns reikninga.
10. Mannefli, minningar- og styrktarsjóður CP félagsins
11. Önnur mál.

Stjórn félagsins getur boðað til aukaaðalfundar ef brýna nauðsyn ber til. Aukaaðalfundur skal boðaður með dagskrá á sama hátt og árlegur aðalfundur. Um atkvæðisrétt og kosningu á aukaaðalfundi gilda sömu reglur og á aðalfundi.

6. grein er:

Félagið starfar í einu lagi fyrir allt landið og skal árlegur aðalfundur þess boðaður öllum félögum skriflega, með bréfi eða rafrænum hætti í samræmi við 8. grein laga þessara. Aukafundi er heimilt að boða fyrir smærri svæði eftir hentugleika, með þeim aðferðum sem henta þykja hverju sinni, þó þannig að þess sé freistað að ná til allra þeirra félaga sem á viðkomandi svæði búa.

Allir félagar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á félagsfundum.

6. grein verður:

Upplýsingar úr 6. grein eru felldar inn í 4. grein, 5. grein og 6. grein. Í staðinn kemur:

Á aðalfundi ræður kosningu einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema þegar samþykktir þessar kveða sérstaklega á um annað hlutfall. Til breytinga á samþykktum félagsins þarf þó að lágmarki 2/3 hluta greiddra atkvæða aðalfundar. Til að samþykkja slit á félaginu þarf þó að lágmarki 3/4 hluta greiddra atkvæða aðalfundar.

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum eða til slita á félaginu verða því aðeins bornar undir atkvæði að stjórn félagsins hafi fengið þær í hendur minnst 7 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Kynna skal lagabreytingartillögur og/eða tillögu um slit félagsins á heimasíðu félagsins, www.cp.is, minnst 5 dögum fyrir aðalfund.

7. grein er:

Öllum félögum skal tilkynnt um fræðslufundi, fyrirlestra og aðra fundi á vegum félagsins skriflega, sbr. 6. grein. Einnig skal birt fréttatilkynning eða auglýsing á heimasíðu félagsins svo náist til sem flestra.

7. grein verður:

7. grein er felld niður en upplýsingum eru felldar inn í 8. grein. Í staðinn kemur:

Stjórn CP félagsins skipa sjö félagsmenn, formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og þrír meðstjórnendur. Formaður skal kosinn á aðalfundi til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn, þrír á hverjum aðalfundi. Kosið skal eftir tilnefningum og skal kosning vera skrifleg ef tilnefningar um fleiri menn en þeim embættum nemur sem kosið er til hverju sinni. Fyrst skal formaður kosinn og síðan aðrir stjórnarmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Jafnframt skal kjósa einn skoðunarmann reikninga á aðalfundi sem yfirfer ársreikning félagsins.

Æskilegt er að minnsta kosti tveir fulltrúar í stjórn CP félagsins séu einstaklingar sem greinst hafa með CP.

8. grein er:

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum CP félagsins. Stjórn skal boða skriflega til aðalfundar, og skal fundarboð sent með að minnsta kosti 15 daga fyrirvara. Skal aðalfundur haldinn í síðasta lagi 30. apríl ár hvert.

Verkefni aðalfundar skulu meðal annars vera:

Skýrsla stjórnar félagsins fyrir liðið starfsár.

Afgreiðsla reikninga síðasta reikningsárs.

Lagabreytingar, ef um það koma fram skriflegar tillögur sem skilað er til stjórnarmanns minnst 7 dögum fyrir aðalfund. Kynna skal lagabreytingartillögur á heimasíðu félagsins, www.cp.is, minnst 5 dögum fyrir aðalfund.

Lögð drög að starfi félagsins.

Ákvörðun árgjalds félagsmanna fyrir næsta ár.

Kosning stjórnar og skoðunarmanns reikninga.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á félagsfundum, nema um lagabreytingu sé að ræða samkvæmt 11. grein.

8.grein verður:

Efni 8. greinar er fellt undir 5. grein. Í staðin kemur:

Starfstímabil stjórnar er á milli aðalfunda.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- *Að stýra málefnum CP félagsins á milli aðalfunda.*
- *Að vera málsvari félagsins út á við.*
- *Að standa fyrir fræðslu- og stuðningsfundum.*
- *Að innheimta árgjöld félaga.*
- *Að afla framlaga úr sjóðum opinberra aðila, stofnana eða fyrirtækja til þeirra verkefna sem félagið hyggst beita sér fyrir hverju sinni.*

- *Að varðveita sjóði félagsins og leggja fram reikninga fyrir aðalfund. Gjaldkeri félagsins skal afhenda reikninga frá stjórn til skoðunarmanns reikninga eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.*

Halda skal stjórnarfundum að lágmarki á þriggja mánaða fresti.

Dagleg umsjón félagsins er í höndum formanns stjórnar sem jafnframt er prókúruhafi ásamt gjaldkera. Fimaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

9. grein er:

Stjórn CP félagsins skipa sjö félagsmenn, formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og þrír meðstjórnendur. Formaður skal kosinn á aðalfundi til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn, þrír á hverjum aðalfundi. Kosið skal eftir tilnefningum og skal kosning vera skrifleg ef tilnefningar um fleiri menn en þeim embættum nemur sem kosið er til hverju sinni. Fyrst skal formaður kosinn og síðan aðrir stjórnarmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Jafnframt skal kjósa einn skoðunarmann reikninga á aðalfundi sem yfirfer ársreikning félagsins.

Æskilegt er að minnsta kosti tveir fulltrúar í stjórn CP félagsins séu einstaklingar sem greinst hafa með CP.

9.grein verður:

Efni 9. greinar er fellt undir 7. grein. Í staðin kemur:

Ákvörðun um slit félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi. Standi eignir eftir þegar upp hafa verið gerðar allar skuldir og skuldbindingar félagsins skal þeim ráðstafað í samræmi við tilgang CP félagsins. Aðalfundur skal samþykkja ráðstöfunina mótatkvæðalaust.

10. grein er:

Verkefni stjórnar skulu vera:

Að stýra málefnum CP félagsins á milli aðalfunda.

Að vera málsvari félagsins út á við.

Að standa fyrir fræðslu- og stuðningsfundum, auk fyrirlestra.

Að innheimta árgjöld félaga.

Að afla framlaga úr sjóðum opinberra aðila, stofnana eða fyrirtækja til þeirra verkefna sem félagið hyggst beita sér fyrir hverju sinni

Að varðveita sjóði félagsins og leggja fram reikninga fyrir aðalfund. Gjaldkeri félagsins skal afhenda reikninga frá stjórn til skoðunarmanns reikninga eigi síðar en 14 dögum fyrir auglýstan aðalfund.

Starrfstímabil stjórnar er á milli aðalfunda.

Starrfstímabil félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Að halda stjórnarfundum svo oft sem stjórn ákveður, og þurfa þykir. Hafi 3 mánuðir liðið frá síðasta stjórnarfundum, er formanni skylt að boða til fundar ef einn af stjórnarmönnum krefst þess.

Dagleg umsjón félagsins er í höndum formanns stjórnar sem jafnframt er prókúruhafi ásamt gjaldkera. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

10. grein verður:

Efni 10. greinar er felld undir 8. grein. Í staðin kemur:

Þar sem ákvæði þessa samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

11. grein er:

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætum aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. grein verður:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á þeim aðalfundi er þær hljóta samþykki. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma eldri lög félagsins.

Þannig samþykkt á aðalfundi 23. apríl 2024 í Reykjavík.